

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Landsbanka Íslands, útibúsins á Ísafirði, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. júní 1976.

Nr. 171/1974. **Haraldur Böðvarsson & Co h/f**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Huldari Ágústssyni

(Jón Þorsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skiprúmssamningur. Uppsögn. Vélstjóri.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Guðjónssyni skipstjóra og Pálma Sveinssyni skipstjóra.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar í 62.181 krónu og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti andmælir áfrýjandi ekki sérstaklega kröfu stefnda til orlofsfjár.

Afrýjandi sagði stefnda upp skiprúmssamningi á v/b Skírni, AK 12, þegar ráðið var að selja bátinn. Stefndi átti rétt til 3 mánaða uppsagnarfrests samkvæmt 3. mgr. 25. gr. kjarasamnings frá 31. desember 1971, sem ágreiningslaust er, að gildi um skiprúmssamning hans, shr. enn fremur 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Samkvæmt 34. gr. nefndra laga á stefndi rétt til óskertra launa þann uppsagnarfrest, sem honum bar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en honum hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Böðvarsson & Co h/f, greiði stefnda, Huldari Ágústssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akraness 5. apríl 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., var höfðað með stefnu, útgefinni 16. febrúar 1973, af Huldari Ágústssyni vélstjóra, Vogabraut 18, Akranesi, gegn Haraldi Böðvarssyni & Co h/f, Akranesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 139.490 auk 7% ársvaxta frá 1. nóvember 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins.

Í munnlegum flutningi málsins hækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 9% frá 16. maí 1973 til greiðsludags, og sætti hækkun á vaxtakröfu eigi andmælum af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnda var gerð sú krafa í greinargerð, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og jafnframt dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Í munnlegum flutningi gerði stefndi þá varakröfu, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Þá krafðist stefndi þess í munnlegum flutningi málsins, að orlofskrafa stefnanda yrði lækkuð um kr. 3.358, og mótmælti úrreikningi á orlofskröfunni til áramóta 1972—1973.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Huldar Ágústsson vélstjóri, Vogabraut 18, Akranesi, réðst 1. vélstjóri á v/b Skírni, AK 12, í ársbyrjun 1970 og gegndi því starfi samfelldt þangað til í byrjun ágúst 1972, er báturinn fór í viðgerð. Útgerðarmaður og eigandi bátsins var Haraldur Böðvarsson & Co h/f, stefndi í máli þessu.

Samkvæmt vottorði lögskráningarstjóra var stefnandi lögskráður 1. vélstjóri á v/b Skírni, AK 12, 7. janúar—13. maí og 25. maí—31. júlí 1972. Báturinn var við bryggju á Akranesi mánuðina ágúst, september og október 1972 í viðgerð, og vann stefnandi við lagfæringu og endurnýjun á vél bátsins. Síðan var vélarrúmið málað af vélstjórunum. Stefnandi kvaðst hafa vandað mjög vinnu sína í v/b Skírni, því að hann hafi talið sig vera með vinnu sinni að búa í hendur á sjálfum sér og hafi talið öruggt, að hann yrði áfram vélstjóri á bátnum. Þann 19. október var stefnandi kvaddur á skrifstofu stefnda ásamt 2. vélstjóra, og var þeim tilkynnt, að útgerðin væri búin að selja v/b Skírni, og var stefnanda munnlega sagt upp störfum á skipinu. Var uppsögnin síðar staðfest með bréfi stefnda, dags. 1. nóvember 1972. Í bæði skiptin bauð framkvæmdastjóri stefnda, Haraldur Sturlaugsson, stefnanda starf 1. vélstjóra á öðru skipi útgerðarinnar, Höfrungi II, AK 150, eða vinnu á vélaverkstæði stefnda.

Stefnandi hafnaði báðum þessum tilboðum um vinnu hjá stefnda. Hann vann síðan nokkuð í þágu stefnda við v/b Skírni og fékk greidd laun til loka októbermánaðar. Stefnandi vann eigi frekar í þágu stefnda, en taldi sig vera á kaupi hjá honum vegna uppsagnarinnar í þrjá mánuði. Vann hann á þessum tíma hjá Vélsmiðjunni Loga h/f, Akranesi, þó eigi samfellda vinnu, en hafði þar í tekjur kr. 48.630. Síðan réðst hann 1. vélstjóri á v/b Sigurvon, AK 56, eign Hafarnar h/f, Akranesi, þann 2. janúar 1973 og hafði þar í tekjur til 19. janúar 1973 kr. 28.679.

Af vætti Björns Ólafssonar Ágústssonar, skipstjóra á v/b Höfrungi II, AK 150, hér fyrir dóminum er ljóst, að hann var búinn að ráða menn á bátinn, er v/b Skírnir var seldur. Höfðu vélstjórar eigi vélstjóraréttindi, en höfðu undanþágu. Vitnið kvað vélina í v/b Höfrungi II vera litla og hafi báturinn verið ganglítill á móti og ávallt gangminni en v/b Skírnir. Vélin hafi og verið vangæf. Lögskráð var á v/b Höfrungi II, AK 150, 3. nóvember 1972 til þorskveiða með línu. Hafði þá farið fram viðgerð á vél bátsins, og reyndist legan aftast á krómtappanum ónýtt.

Þann 17. nóvember kom það fyrir, að legan bræddi úr sér í

veiðiferð, og var báturinn dreginn til Akraness af miðunum af varðskipinu Árvakri. Var þá hætt veiðum og skipshöfnin afskráð 5. desember 1972, og í lok desember komu enskir sérfræðingar og lagfærðu krómtappann.

Róðrar hófust aftur 16. janúar 1973, og var töf þessi að mestu vegna vélarbilunar. Þegar farið hafði verið í 10—12 róðra með línu, bræddi vélin í v/b Höfrungi II úr sér, og á netaveiðum kom það einnig fyrir, er þeir höfðu vitjað neta einu sinni. Í bæði þessi skipti var legan tekin undan og önnur sett í staðinn.

Af aðiljaskýrslu Haralds Sturlaugssonar, framkvæmdastjóra stefnda, kemur fram, að félagið seldi v/b Skírni, AK 12, skyndilega í október 1972, m. a. af fjárhagsástæðum. Hafi hið stefnda félag því sagt skipstjóra og 1. og 2. vélstjóra upp störfum, en þeim hafi öllum verið boðin sams konar störf á öðru skipi útgerðarinnar, Höfrungi II, AK 150.

Útgerðin hafi hins vegar ekki getað boðið stýrimanninum á v/b Skírni stöðu á Höfrungi II og hafi honum því verið greiddar bætur vegna þessa, kr. 90.000. Haraldur Sturlaugsson kvað vélamennina á v/b Höfrungi II, AK 150, eigi hafa haft réttindi sem vélstjórar og hafi þeir verið ráðnir með undanþágu, þ. e. leyfi samgönguráðuneytisins.

Taldi Haraldur, að ekki hefði orðið um tekjuröskun að ræða hjá stefnanda, þó að hann hefði tekið við starfi vélstjóra á v/b Höfrungi II. Sá bátur sé stærra skip en v/b Skírnir, en að vísu með aflminni vél, sem ekki hafi verið í góðu ástandi, þó hafi hún verið tekin upp og endurnýjuð í Danmörku 1967 af verksmiðju þeirri, sem smíðaði vélina upphaflega, og fyrirhugað hafi verið að setja stærri vél í bátinn strax eftir vetrarvertíð. En á þessum tíma hafi ekki verið það mikill afli, að þetta skipti máli, því að aðeins hafi verið um kauptryggingu að ræða.

Samkvæmt upplýsingum stefnda var afli 7 Akranesbáta á línuvertíð haustið 1972 ekki meiri en svo, að hvergi aflaðist fyrir hlut, ef undanskilinn er skipstjórinn á v/b Haraldi, AK 10. Allir aðrir skipverjar á bátunum fengu aðeins greidda kauptryggingu.

Þá kvað Haraldur mikla vinnu hafa verið á vélaverkstæði stefnda um og eftir 1. nóv. 1972. Og af hálfu stefnda hefur verið lagt fram í dóminum vottorð um laun fjögurra starfsmanna á vélaverkstæði stefnda á tímabilinu 1. janúar 1972 til 27. apríl 1973. Samkv. því voru laun í nóvember og desember 1972 frá rúml. 40.000 og upp í um kr. 58.000 á mánuði, en í janúar 1973

verulega hærri, eða frá 76.000 upp í kr. 84.000. En eigi verður af því ráðið, hve mikið af launum var vegna yfirvinnu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Kauptrygging frá 1. nóvember 1972 til 19. janúar	
1973, 80 dagar, kr. 47.104 á mánuði	kr. 125.611
2. Fastakaup á sama tímabili, kr. 1.181 á mánuði . . —	3.149
	Kr. 128.760
8½ % orlofsfé af kr. 128.760	— 10.730
	Kr. 139.490

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið ráðinn 1. vélstjóri á v/b Skírni, AK 12, en honum hafi verið sagt upp starfi skyndilega, í reynd með 12 daga fyrirvara, 19. október og látinn hætta störfum 31. október án saka og hafi hann eigi fengið greidd laun eftir þann tíma. En stefnandi hafi átt þriggja mánaða uppsagnarfrest skv. 3. mgr. 25. gr. gildandi kjarasamnings og 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Hann eigi því rétt á bótum úr hendi stefnda, sbr. 34. gr. sjómannalaga. Stefnandi hafi verið ráðinn á ákveðið skip, v/b Skírni, og hafi honum verið óskýlt að fara á annað skip, þótt í boði væri. Auk þess hafi störf sem vélstjóri á v/b Höfrungi II ekki verið sambærileg við sams konar starf á v/b Skírni. Vél og allur frágangur á v/b Skírni hafi verið til fyrirmyndar, en ástand vélar í v/b Höfrungi II hafi verið í algeru lágmarki. Í v/b Skírni, sem er 149 rúml., er 400 ha vél og gangi hann 10 mílur, en í v/b Höfrungi II, sem er 208 rúml., hafi verið 300 ha vél og gangi allt niður í 4—5 mílur í mótvindi. Það sé og upplýst, að v/b Höfrungur II hafi á haustvertíð verið að mestu frá veiðum vegna vélarbilana.

Stefnandi hafi og eigi viljað taka við störfum á öðru skipi, þar sem öðrum mönnum væri ýtt frá störfum hans vegna. Þá hafi stefnandi ekki viljað taka við starfi á vélaverkstæði stefnda, þar sem hann hafi kosið að vera á sjó og ekki hafi verið um sömu tekjur að ræða á vélaverkstæðinu nema með mikilli yfirvinnu. Á það beri að líta, að fyrirvaralítil og skyndileg uppsögn á starfi hafi verið röskun á stöðu og högum stefnanda og samkv. 34. gr. sjómannalaga eigi hann rétt á kaupi allan uppsagnartímann án frádráttar á tekjum þeim, sem hann vinnur sér inn á þeim tíma.

Reikningslega hefur bótakrafa stefnanda ekki sætt andmælum

af hálfu stefnda nema orlofskrafan. Krafðist stefndi þess, að hún yrði lækkað um kr. 3.358. Rökstyður hann kröfu sína með því, að skv. ákvæðum 3. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1971 um orlof skuli eigi reikna orlofsfé af greiðslum, sem ekki eru tekjuskattskyldar hjá orlofsþega. En í 14. gr. laga nr. 68/1971 eru ákvæði um skattaívilnanir sjómanna, sbr. og dóm félagsdóms 12. júlí 1972 í málinu nr. 3/1971.

■ Af hálfu stefnanda var kröfu þessari mótmælt sem of seint fram kominni. Einnig sé í þessu máli krafið um skaðabætur, sem njóti eigi skattfríðinda, og beri stefnanda því fullt orlof.

Stefndi færði þau rök fyrir sýknukröfu sinni í greinargerð, að stefnandi hefði átt kost á starfi vélstjóra á öðrum sambærilegum báti útgerðarinnar svo og á vélaverkstæði stefnda, en hann hafi hafnað störfum þessum. Með því hafi hann firrt sig rétti til bóta úr hendi stefnda. Um þetta gilda reglur hins almenna vinnu-málaréttar um, að atvinnurekendur geti fært launþega til í starfi í sambærilegum tilvikum sem þessum, án þess að launþeginn eigi nokkurn rétt á bótum, allt á þeirri forsendu, að nýja starfið sé sambærilegt í launum, viðfangsefnum og jafnvel að virðingu.

Skipið Höfrungur II. hafi verið alveg sambærilegt við v/b Skírni, en raunar stærra með nýlega yfirfarna vél og endurnýjaða, þó að vélarorka hafi ekki verið hin sama. Stefnandi hafi því haft möguleika á sömu tekjum á því skipi og v/b Skírni, ef hann hefði viljað vinna áfram í þjónustu stefnda. Þá benti stefndi á, að meðalkaup starfsmanna á vélaverkstæði stefnda hafi verið á þessu tímabili mun hærra en kauptryggingarkrafa stefnanda í máli þessu.

Í munnlegum flutningi málsins var sýknukrafa af hálfu stefnda einnig reist á öðrum málsástæðum. Taldi hann, að um ágreiningsefni það, sem um er deilt í máli þessu, fjalli 2. mgr. 40. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en þar segir, að eigi heimili það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóranskipti verði á skipinu. Í eldri sjómannalögum var einnig ákvæði um, að skipverja var eigi heimilt að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó að skipti yrðu á útgerðarmanni. En það ákvæði var fellt niður og hefði skipverji því nú rétt til að krefjast lausnar úr skiprúmi við skipti á útgerðarmanni. En hann hafi einnig rétt til að halda stöðu sinni á skipinu þrátt fyrir eigendaskipti. Skipverjinn geti því valið milli þessara tveggja kosta og sé það algerlega á hans ábyrgð og kostnað. Ákveði skipverji að hætta á skipinu, eigi hann ekki rétt á uppsagnarfresti né bótum vegna þess, að hann fer af skipinu

fyrirvaralaust. Og skipverji eigi aðeins rétt á bótum í því tilfelli, að hann hafi óskað eftir því við kaupanda skipsins að halda stöðu sinni á skipinu og hafi fengið synjun um það: Þá verði seljandi skipsins skaðabótaskyldur gagnvart skipverja.

Í þessu máli sé upplýst, að stefnandi hafi ekki farið fram á að fá að starfa áfram á skipinu sem vélstjóri eftir söluna. Beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Til stuðnings varakröfu stefnda hafi hann bent á, að þrátt fyrir reglu 34. gr. sjómannalaga um meðalhófsbætur hafi það ætíð verið föst venja að taka til frádráttar bótafjárhæð atvinnutekjur skipverja annars staðar frá á uppsagnartímanum. Beri því að lækka kröfu stefnanda verulega vegna atvinnutekna hans, sem að framan greinir.

Áður hafa verið rakin rök stefnda fyrir lækkun á orlofskröfu stefnanda.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að stefnandi hafi verið ráðinn í starf 1. vélstjóra á v/b Skírni, AK 12. Stefnanda var skyndilega sagt upp starfi sínu af stefnda vegna sölu bátsins til annars útgerðarmanns. Þegar af þessari ástæðu verður að hafna þeirri málsástæðu stefnda, að stefnandi hafi firrt sig bótarétti með því að sækja ekki um það til kaupanda v/b Skírnis að halda starfi sínu áfram á bátnum. Stefnandi átti þriggja mánaða uppsagnarfrest samkv. 3. mgr. 25. gr. kjarasamnings milli Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem þá gildi um lögskipti aðilja, sbr. 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Með uppsögn stefnanda á starfi 1. vélstjóra á v/b Skírni, AK 12, án saka varð stefndi bótaskyldur gagnvart stefnanda, sbr. 34. gr. sömu laga. Og eigi verður talið, að stefndi hafi losnað undan bótaskyldu með því að bjóða stefnanda stöðu vélstjóra á öðru skipi útgerðarinnar, Höfrungi II, AK 150, eða starf á vélaverkstæði stefnda. Af gögnum málsins sem að framan er rakið má ráða, að ástand vélar v/b Höfrungs II var mun lakara en v/b Skírnis. Og störf á vélaverkstæðinu geta eigi talist sambærileg að viðfangsefnum og fyrra starf stefnanda, og óvissa var um tekjur. Uppsögnin stafaði og af atvikum, sem stefndi bar einn ábyrgð á, og eigi er í ljós leitt, að stefnanda hafi borið skylda til að taka að sér vélstjórn á öðru skipi stefnda eða annað starf í hans þágu.

Kemur þá til álita fjárhæð bótakröfunnar. Stefnandi fékk greitt kaup til loka októbermánaðar, og er bótakrafa hans miðuð við

tímabilið 1. nóvember 1972 til 19. janúar 1973. Eins og að framan greinir, hafa kröfur stefnanda ekki sætt andmælum reikningslega nema útreikningur á orlofskröfu. Er sú krafa um lækkun raunar of seint fram komin. Reglan um skert orlof var sérregla og afnumin frá 1. janúar 1973 með lögum nr. 109/1972. Óvíst er, að stefnandi njóti skattfríðinda af skaðabótagreiðslum sem þessum, og þykir því eiga að synja kröfu stefnda um skert orlof.

Stefnandi hafði í tekjur hjá Vélsmiðjunni Loga h/f í nóvember og desember kr. 48.630 og sem vélstjóri á v/b Sigurvon, AK 56, þann 2. janúar—19. janúar 1973 kr. 28.679.

Frávikning stefnanda úr starfi vélstjóra á v/b Skírni án saka hafði í för með sér röskun á stöðu hans og högum. Þegar höfð er í huga bótaregla 34. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 og litið til málavaxta í máli þessu, þykir mega ákveða, að stefnandi sæti frádrætti á bótakröfu sinni, er nemur fjárhæð þeirri, er hann vann sér inn, eftir að hann réðst vélstjóri á v/b Sigurvon, AK 56, eða kr. 28.679. Niðurstaða málsins verður því sú, að lögð verður til grundvallar bótakrafa stefnanda, kr. 139.490, að frádragnum kr. 28.679. Ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 110.711 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda í málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 36.000.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Böðvarsson & Co h/f, greiði stefnanda, Huldari Ágústssyni, kr. 110.711 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1972 til 16. maí 1973 og 9% frá þeim degi til greiðsludags og í málskostnað kr. 36.000, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
